

Þegar litið er til höfðunar málsins nr. 7528/1975, þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 45.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Stálvinnslan h/f, greiði stefnanda, Andrési Haraldssyni, kr. 90.211 með 13% ársvöxtum frá 1. sept. 1975 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. apríl 1980.

Nr. 176/1979. Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari).

gegn

Una Þóri Péturssyni

(Örn Clausen hrl.).

Fiskveiðibrot. Lögskráning sjómanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal greinargerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýri-mannaskólans í Reykjavík, dags. 24. janúar sl., svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra ríkissaksóknari, hef ég yfir-farið málsskjöl og útsetningu landhelgisgæslumanna í saka-dómsmálinu nr. 164/11978: Ákærvaldið gegn Una Þóri Pét-urssyni, skipstjóra á m/b Faldi, VE 138. Ennfremur hef ég sett út uppgefna stefnu skipstjórans á siglingaleið út fyrir 12 sjómílna fiskveiðimörkin í umrætt skipti og siglingu til baka að netasvæðinu á Skagafirði samkv. framburði skip-

stjórans. Einnig athugað möguleika á þeirri siglingu fram og til baka ásamt togi miðað við tíma, er ákærði hefur til þeirrar siglingar og veiða

- a) samkvæmt eigin framburði
- b) samkvæmt framburðum skipverja.

Í sjókort nr. 51 hef ég dregið 12 sjóm. fiskveiðimörkin fyrir umrætt svæði. Einnig staðsetningu varðskipsmanna á bátnum kl. 0720 h. 05.09.78, staður A, í línu milli Bæjarkletta og Hegraness, fjarlægð 6 sjóm. frá Bæjarklettum. Nokkurrar ónákvæmni má gera ráð fyrir í þessari staðarákvörðun að því er fjarlægðina snertir, þar sem hún er ágiskud, en ekki verður séð, að sú ónákvæmni hafi nein úrslitaáhrif í máli þessu.

a) Möguleikar ákærða til siglingar á uppgefinni stefnu N3/4A frá Hofsósi út að 12 sjóm. fiskveiðimörkunum, veiðum fyrir utan þá línu og siglingu til baka að netasvæðinu á Skagafirði samkv. framburði hans.

Skipstjórinn gefur upp stefnu N3/4A frá Hofsósi út á svæði fyrir utan 12 sjóm. fiskveiðimörkin. Ég geri ráð fyrir, að hér sé átt við stefnu eftir kompás, þar sem hún er gefin í strikum. Þar sem ekki er getið um neina skekkju á kompásnum á þessari stefnu, hef ég sett hana út sem segulstefnu (eftir segulrós í kortinu). Ekki hefur skipstjórinn getað stýrt þessa stefnu strax frá Hofsósi, þar sem hún mundi liggja yfir land, og því hef ég dregið upp siglinguna, eins og mér finnst hún eðlilegust miðað við segulstefnu N3/4A frá Þórðarhöfða.

Vegalengd frá Hofsósi út að fiskveiðimörkunum miðað við þessa leið mælist 29,3 sjóm. Með 10 sjóm. hraða, en það er sá hraði, sem skipstjórinn gefur upp, ætti sú sigling að taka 2 klst. 56 mín. Skipstjórinn segist hafa farið frá Hofsósi kl. 2230—2300 h. 4/9 '78. Samkvæmt því hefði hann getað verið við fiskveiðimörkin kl. 0126—0156 h. 5/9. Hann segist hafa ræst áhöfnina kl. 0200 og kl. 0300 verið búinn að hífa allt aftur og sett á „stím“ inn fjörðinn, komið að netabauju um 7 leytið og byrjað að draga. Áður hafði skipstjórinn borið, að byrjað hafi verið að draga kl. 6.30. Vegalengd frá fiskveiðimörkunum miðað við beina línu að stað A mælist 32,2

sjóm. Ekki er tekið fram, hvernig hafi verið togað né hvað hafi verið stýrt til baka, og hef ég dregið stefnuna til A, frá sama punkti og stefnan N3/4A sker fiskveiðimörkin í. Með 10 sjóm. hraða ætti sú sigling að taka 3 klst. 13 mín. Samkvæmt því hefði báturinn átt að geta verið við stað A um kl. 0613 h. 5/9.

Miðað við framburð skipstjórans hefði því verið möguleiki á siglingu bátsins frá Hofsósi út fyrir fiskveiðimörkin, togi þar og siglingu til baka að netasvæðinu. Hér virðist þó eingöngu treyst á stefnu og hraða bátsins til ákvörðunar á togsvæðinu, en engar staðarákvarðanir gerðar til að fá vissu um, að togsvæðið væri fyrir utan fiskveiðimörkin, þó radar væri í gangi á „stíminu“. Uppgefið dýpi segir ekkert til um það: 80—100 faðma dýpi, sem samsvarar 146—183 metrum, fyrirfinnast bæði fyrir utan og innan 12 sjóm. fiskveiðimörkin á þessu svæði.

b) Sömu möguleikar og segir í a) samkvæmt framburði skipverja.

Það, sem einkum ber á milli í framburði skipstjórans og skipverja, er brottfarartíminn, hraði bátsins, að nokkru leyti veiðitíminn og hvenær byrjað var að draga netin miðað við seinni framburð skipstjórans.

Brottfarartímenn telja skipverjarnir fjórir hafa verið um eða nálægt miðnætti. Einn þeirra álitur, að báturinn gangi 8—9 sjóm. á klst., en um það atriði er ekkert í framburði hinna. Tveir skipverjar telja, að byrjað hafi verið að draga netin um kl. 6, einn (stýrimaðurinn) um kl. 6.30 og einn milli kl. 6 og 7. Einn skipverja giskar á, að togið hafi getað tekið 1/2 klst., varla meir, og hálf tíma tekið að hífa vörpuna. Annar álitur, að varpan hafi verið dregin 1/2—3/4 klst, og stýrimaðurinn álitur, að varpan hafi verið 3/4 klst. í botni. Hvorugur þeirra getur um, hve langan tíma hafi tekið að hífa vörpuna, og enginn, hve langan tíma hafi tekið að kasta vörpunni.

Mér finnst ekki ósennilegt, að 10 mín hafi tekið að kasta vörpunni a. m. k. og sé reiknað með því, 1/2 klst. togi og

að 1/2 klst. hafi tekið að hifa vörpuna, verður veiðitíminn 1 klst. 10 mín. Miðað við sömu vegalengd og áður er reiknað með og 9 sjóm. hraða á klst. hefði sigling út að fiskveiðimörkunum átt að taka 3 klst. 15 mín. og sigling þaðan að stað A 3 klst. 35 mín. Samtals hefði þá sigling ásamt veiðitíma átt að taka um 8 klst. 00 mín. Miðað við brottför um miðnætti hefði báturinn átt að geta verið við stað A um kl. 0800 h 5/9.

Samkvæmt framburðum skipverja álit ég því ekki möguleika á siglingu bátsins frá Hofsósi út fyrir fiskveiðimörkin, tugi þar og siglingu til baka að netasvæðinu á þeim tíma, sem þar um ræðir.

Þá kveðst stýrimaðurinn hafa séð ljósin í Hofsósi, þegar þeir héldu af stað eftir „holið“ og meðan aðgerðin stóð yfir, og annar skipverji telur sig hafa séð ljós í landi, þegar hann kom upp á þiljur. Tel ég ekki möguleika á því, að ljós í Hofsósi hafi sést frá 12 sjóm. fiskveiðimörkunum né ljós á öðrum stöðum í landi nema þá vitaljós.

Skipstjórinn telur, að netin hafi verið 2 sjóm. norðar en staður A. Sá mismunur mundi stytta siglinguna um 13 mín. og komutíminn að netasvæðinu verða samkvæmt því og framburðum skipverja um kl. 0747.

Eins og fram kemur í málsskjölunum, var leitað álits Tryggva Gunnarssonar, skipaefirlitsmanns í Vestmannaeyjum, sem kveðst þekkja þetta skip vel, og sagði hann, að venjulegur ganghraði Falds væri 9 sjóm. á klst., en mesta hraða, sem unnt væri að ná, kvað hann vera 9½ sjóm. á klst. Með því að reikna með 9,5 sjóm. hraða, brottfarartíma um miðnætti og 1 klst. 10 mín. í útslökun, tog og hífingu hefði báturinn átt að geta verið við stað A um kl. 0738 h. 5/9“.

Af gögnum máls, framburðum skipherra og stýrimanns varðskipsins, framburðum skipverja á vélbátnum Faldi, VE 138, og greinargerð Jónasar Sigurðssonar, skólástjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpu-

veiðum á greindum báti á þeim stað og tíma, er í ákæru getur, en ákærði viðurkennir að hafa „kastað einu „holi“ í umrætt sinn, en ekki í landhelgi“.

Með framburðum ákærða og áhafnar vélbátsins er sannað, að hann hefur látið undir höfuð leggjast að lögskrá skipverja bátsins, svo sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Ekki er ákært út af því, að þeir, er gegndu störfum stýrimanns og vélstjóra á bátnum, höfðu eigi réttindi til að rækja þessi störf. Kemur þetta því eigi til álita í máli þessu.

Framangreind brot ákærða eru réttilega heimfærð til laga-ákvæða í ákæruskjali.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 16. apríl 1980, segir svo: „Samkvæmt gullgildi í dag jafngilda 100 gullkrónur 24.004,89 krónum — tuttuguogfjögurþúsundogfjórar 89/100 —“.

Samkvæmt refsíákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, og 77. gr. almennra hegningarlaga svo og með hliðsjón af stærð vélbátsins Falds, VE 138, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2.400.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 4 mánaða varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku á botnvörpu og dragstrengjum vélbátsins ber að staðfesta, svo sem krafist er af hálfu ákærvalds, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 200.000 krónur.

Eftir að vörn hafði verið flutt í héraði og málið þar dómtekið, aflaði dómsformaður símleiðis upplýsinga um ganghraða vélbátsins Falds og hjá Tilkynningarskyldu íslenskra skipa upplýsinga um, hverjar ferðir bátsins hefðu verið tilkynntar þangað, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Upplýsingar þessar voru hvorki kynntar ákærða né skipuðum verjanda hans. Er það andstætt ákvæðum 121. gr. laga nr. 74/1974 og aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Uni Þórir Pétursson, greiði 2.400.000 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands, og komi varðhald 4 mánuði í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku botnvörpu og dragstrengja svo og ákvæði hans um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 12. september 1978.

Ár 1978, þriðjudaginn 12. september, var í sakadómi Skagafjarðarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki af Jóhanni Salberg Guðmundssyni sýslumanni og meðdómsmönnum Jóni R. Jósafatssyni skipstjóra og Sveini Nikódemussyni vélstjóra, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 164/1978: Ákærvaldið gegn Una Þóri Péturssyni.

Mál þetta, sem var tekið til dóms 11. þ. m., er höfðað skv. ákæru ríkissaksóknara, dags. 6. þ. m., gegn Una Þóri Péturssyni, fæddum 19. mars 1942 í Hofsósi, til heimilis að Hlíð í Hofsósi, skipstjóra á vélskipinu Faldi, VE 138, „fyrir fiskveiðabrot með því aðfaranótt þriðjudagsins 5. september 1978 að vera á botnvörpuveiðum á bátnum, sem er 46 brúttórúmllestir og 18.33 metrar að lengd, á Skagafirði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar.

Ennfremur fyrir að hafa haldið bátnum úti til þorskneta- og togveiða með fjórum skipverjum frá 8. ágúst 1978 án þess að lögskrá þá á bátinn.

Brot ákærða teljast varða við 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr. A 1 laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 og lög um breyting á þeim lögum nr. 45/1974. Ennfremur við 15. gr., sbr. 4. og 6. gr., sbr. 25. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961, sbr. lög nr. 71/1962.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 og 25. gr. laga nr. 63/1961, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 upptöku á veiðarfærum bátsins, þar með töldum dragstrengjum, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þeir, sem hér á eftir greinir:

Þriðjudaginn 5. þ. m. var varðskipið Árvakur á eftirlitsferð og lét reka undan Straumnesi austan Skagafjarðar. Skipherra á varðskipinu var Friðgeir Olgeirsson, fæddur 3. okt. 1936 í Reykjavík, til heimilis að Blómvangi 6, Hafnarfirði. Þar sem grunur skipherra beindist þá að ákærða um ólöglegar togveiðar á m/s Faldi, VE 138, á Skagafirði, hafði skipherrann afskipti af ákærða og téðu skipi hans, og segir um þau á þessa leið í skýrslu skipherrans, dags. 5. þ. m.: „Hinn 5. september 1978 var m/b FALDUR, VE 138, skipstjóri Uni Pétursson, til heimilis Hlíð, Hofsósi, grunaður um meintar ólöglegar togveiðar á Skagafirði og að vera með ólöglega merkt þorskanet í sjó.“

Þriðjudaginn 5. september lét varðskipið reka undan Straumnesi, austan Skagafjarðar.

Kl. 0608 fóru 2. stýrimaður, bátsmaður og háseti á gúmmíbáti til gæslustarfa á Skagafirði. Hélt báturinn inn undir Bæ, sem er skammt sunnan Höfðavatns. Þar fóru bátsverjar í land og svipuðust um eftir ferðum báta á firðinum.

Um kl. 0720 varð vart við bát, sem bar í Hegranes, frá Bæjar-klettum séð, í á að giska 6 sml. fjarlægð. Var báturinn á lítilli ferð með NA-læga stefnu. Hélt báturinn með þessa stefnu í um það bil 10 mínútur, en beygði þá rólega til b.b. á gagnstæða stefnu. Hélt hann þeirri stefnu í um það bil 15—20 mínútur, en beygði þá til stb. á NA-læga stefnu. Ákváðu bátsverjar þá að halda til bátsins til að athuga hann nánar.

Um kl. 0755 var haldið á gúmmíbátnum úr Bæjarvör. Var haldið S með landinu að stað rétt S við Hofsós og þaðan tekin stefna á bátinn, og bar hann í miðjan Sauðárkróksbæ.

Um kl. 0825 var komið að bátnum, og reyndist það vera m/b FALDUR, VE 138. Var farið um borð í hann, og var hann þá að draga þorskanet. Við athugun kom eftirfarandi í ljós um borð í bátnum: Botnvarpa lá á þilfari aftan við stýrishús. Var hún blaut, og við nánari athugun fundust marglyttur í henni. Hleraskór voru fægðir svo og gálglakkir. Dragstrengir voru fægðir á tromlum. Á hástokk í skut bátsins var blautur botngróður. Botnvarpan var

„undirslegin“, þ. e. dragstrengir dregnir í blakkir og lásaðir í vörpuna.

Aðspurður sagði skipstjórinn, að varpan hefði fylgt bátnum, þegar hann hefði tekið hann á leigu, og legið, þar sem hún var síðan.

Við athugun á þorskanetstrossu, sem báturinn var að draga, kom eftirfarandi í ljós:

Belgir voru merktir BA-28 og netadrekar með sömu merkingu. Aðspurður kvaðst skipstjórinn vera með sex trossur í sjó, og voru þær ýmist merktar BA-28 eða SK-37.

Að athugun lokinni um borð í VE 138 hafði 2. stýrimaður samband við varðskipið, og var honum þá tjáð, að varðskipið mundi halda á staðinn, og var honum sagt að halda til móts við þá á gúmmibátnum til að gefa nánari skýrslu.

Kl. 0843 hélt varðskipið af stað til Skagafjarðar.

Um kl. 1012 komu varðskipsmenn svo um borð í varðskipið, þegar það var stadd við Málmei.

Hélt varðskipið síðan til Sauðárkróks, en á þeirri leið varð ekki vart við báttinn, sem mun hafa verið kominn til Hofsóss.

Veður: S-3, heiðskýrt. Sjó: 1“.

Þessa skýrslu sína hefur skipherrann staðfest fyrir dómi. Þá hefur skipherrann einnig lagt fram í dóminum og staðfest úrklippu úr sjókorti nr. 51 með útsettum stað m/s Falds, VE 138, er varðskipsmenn komu að skipinu og tóku það.

Tryggvi Bjarnason, 2. stýrimaður á varðskipinu, fæddur 7. maí 1948 að Ytri Varðgjá í Eyjafirði, til heimilis að Furugrund 58, Kópavogi, hefur komið fyrir dóm og lýst skýrslu skipherrans vera rétta og einnig lýst útsettan stað m/s Falds vera rétt greindan á sjókortsúrklippunni. Stýrimaður hefur skýrt svo frá, að þegar hann kom um borð í m/s Fald, VE 138, hafi varpan legið ofan á landfestatrossu, sem dregin er í bakborðskefa að aftan yfir hástokk, og að í vörpunni, sem lá blaut í haug, hafi verið óstorknaðar marglyttur. Úrkomulaust var þessa nótt og um morguninn, þegar athuginin, sem skipverjar hans fylgdust með, fór fram. Þegar stýrimaður spurði ákærða um marglyttur í vörpu og botngróður í hástokk Falds, gaf ákærði ófullnægjandi skýringar á þessu. Eftir að stýrimaður hafði átt tal við ákærða og skoðað vörpuna um borð í Faldi, skoðaði hann aftur skóna á hlerunum, sem voru þá fægðir. Enn fremur sá stýrimaður blautan leir á hleraskónum. Um kl. 20 þriðjudaginn 5. þ. m. var stýrimaður

staddur í Hofsósi til nánari vettvangskönnunar varðandi m/s Fald, og kom þá í ljós, að fægt far var eftir víra utan á báðum gálgum, sem eru í blakkarhæð. Landfestartrossan, sem um getur í skýrslu skipherrans, var þá notuð sem landfestar m/s Falds við bryggjuna. Hlerar og botnvarpa höfðu verið tekin upp á bryggjuna, og við athugun kom í ljós, að „brakket“ var fægt, og þegar stýrimaður strauk hendi eftir því, varð gljáfægður flötur eftir. Einnig kom í ljós, að hlerar höfðu greinilega verið þvegnir, og var allur leir af þeim horfinn. Á bryggjunni lá gljáfægður vír með áfastri keðju, sem einnig var fægð. Keðju þessa kveður stýrimaður sig og menn sína hafa séð fyrir um daginn á bakborðs-tromlu um borð í Faldi. Í ljós kom, að fót- og gálgarúllur voru nýsmurðar, og bendir það til þess, að þær hafi nýlega verið í notkun, að dómi stýrimanns. Belgir, drekar og baujur, sem voru á bryggjunni og tilheyrðu m/s Faldi VE 138, voru ýmist merkt BA-28 eða SK-37. Ákærði lýsti yfir því við stýrimann, að hann hefði þá verið með m/s Fald 3 vikur til mánuð. Þá hefur stýrimaður skýrt frá því, að hann hafi verið á vakt á varðskipinu, frá því er það fór frá Siglufirði kl. 0305 þriðjudaginn 5. þ. m. og allt þar til er skipið var stöðvað um 2 sjómílur norður af Straumnesi og síðan áfram á vakt til kl. 0600 sama dag og að ratsjá varðskipsins hafi allan þenna tíma verið stanslaust í gangi. Stýrimaður staðhæfir, að á áðurgreindu vakt tímabili hafi ekkert endurvarp frá skipi sést í 10 sjómílna radius frá varðskipinu.

Vitnið Steinþór Viðar Sigurbjörnsson, fæddur 18. des. 1956 í Grafargerði í Skagafjarðarsýslu, til heimilis að Arnarstöðum í Sléttuhlíð í Skagafjarðarsýslu, hefur verið vélstjóri á m/s Faldi, VE 138, frá 8. ágúst sl., er skipshöfnin tók skipið á leigu í Vestmannaeyjum. Síðan kveður vitnið hafa verið stundaðar þorskveiðar í net á skipinu á Skagafirði. Segir vitnið botnvörpu hafa fylgt með í leigu skipsins og sé hún eign leigusalans. Vitnið kveður síðustu veiðiferð skipsins hafa byrjað um miðnætti 4. þ. m. Vitnið kveðst hafa farið um borð fyrir um þetta kvöld og sofnað ásamt öðrum skipverjum, sem þá voru komnir um borð, nema hvað ákærði mun hafa komið síðar til skips. Síðan kveðst vitnið hafa sett vél skipsins í gang og hafi verið haldið úr höfn í Hofsósi um miðnætti, eins og áður greinir. Segir vitnið ákærða hafa einan verið uppi á útleið, en aðra skipverja hafa þá sofið. Eftir einhvern tíma, sem vitnið kveðst eigi gera sér grein fyrir, hvenær var, vakti ákærði skipverja, og þegar allir voru komnir á þiljur, var botnvörpu kastað. Segir vitnið, að eitt „hol“ hafi verið tekið, og

giskar vitnið á, að það hafi tekið um hálf klukkustund. Vitnið ætlar, að í vörpunu muni hafa fengist um 600 kg af fiski. Vitnið kveðst eigi geta gert sér grein fyrir, hvar skipið var stadd, þegar botnvörpuveiðar þessar fóru fram, en kveðst hafa séð ljós í landi á bakborða, þegar það kom upp á þiljur. Eftir botnvörpuveiðarnar kveðst vitnið hafa farið að sofa. Vitnið giskar á, að það muni hafa tekið um hálf tíma að draga upp vörpuna. Vitnið vann þá við aðra tromluna, en stýrimaðurinn við hina. Vitnið giskar á, að um 3 klst. hafi liðið, frá því er lokið var að draga vörpuna, uns byrjað var að draga netin. Vitnið kveður veiðar með botnvörpu hafa verið stundaðar fleiri sinnum á m/s Faldi, gæti hafa verið alls fimm sinnum, eftir að skipið fór á veiðar í ágúst sl. Vitnið kveðst eigi hafa undirritað neinn ráðningarsamning, þegar það fór á m/s Fald, og því eigi lögskráð á skipið.

Vitnið Þorbjörn Svanur Jónsson, fæddur 23. jan. 1958 í Reykjavík, til heimilis í Glæsibæ í Sléttuhlíð í Skagafjarðarsýslu, hefur verið háseti á m/s Faldi, VE 138, eftir að skipverjar tóku skipið á leigu 8. f. m. Vitnið kveðst hafa farið með Steinþóri vélstjóra utan úr Sléttuhlíð til Hofsóss mánudaginn 4. þ. m. og komið um borð í m/s Fald um kl. 22—2230. Segir vitnið, að Finnur háseti hafi þá verið genginn til rekkju um borð og e. t. v. líka Guðmundur stýrimaður. Segir vitnið, að þeir hafi farið brátt að sofa. Vitnið segir þá skipverja hafa vaknað, þegar vélin var sett í gang, og skipið síðan látið úr höfn nálægt miðnætti. Segir vitnið, að eftir þetta hafi ákærði einn verið uppi og staðið við stýrið. Er farið hafði verið eitthvað um það bil 2—2½ klst., voru allir skipverjar kallaðir á þiljur. Þá heyrði vitnið ákærða tala um, að þeir væru staddir í „Dýpi“, sem hann svo nefndi, og taldi vitnið, að með því ætti ákærði við Skagafjarðardýpi. Botnvörpunni var síðan kastað, og ætlar vitnið, að hún hafi verið dregin ½—¾ klst., áður en hún var innbyrt. Segir vitnið, að um 200—250 faðmar af vír hafi verið gefnir út, þegar togað var. Vitnið segir, að í vörpunu hafi fengist 600—700 kg af fiski. Enn fremur segir vitnið, að engin siglingaljós hafi verið uppi né heldur vinnuljós á þiljum, þegar veitt var í vörpuna, og hafi sá háttur verið á hafður þau 4—5 skipti, sem veitt var með botnvörpu á m/s Faldi í sumar frá ágústbyrjun sl. Vitnið segir, að þegar vörpunni hafi verið kastað, hafi allir skipverjar nema ákærði farið fram í lúkar að drekka kaffi. Þá segir vitnið, að klukkan hafi verið um 3 um nóttina og myrkur. Eftir botnvörpuveiðarnar fóru skipverjar nema ákærði í aðgerð aflans. Síðan fóru þeir að sofa, en ákærði var einn við stýri

eftir það. Um kl. 6 um morguninn vakti ákærði skipverja, og var þá farið að netum, sem lágu út af Hofsósi, og dregnar 3 trossur af 6. Vitnið álitur, að m/s Faldur, VE 138, gangi að jafnaði 8—9 sjómílur á klst. Vitnið segir, að Steinþór vélstjóri hafi skolað af veiðarfærum eftir beiðni ákærða, eftir að komið var að bryggju í Hofsósi, en vitnið skolaði skut skipsins aftan við stýrishús.

Loks hefur vitnið upplýst, að engin skráning hafi farið fram á skipshöfn m/s Falds, áður en veiðar hófust í ágúst sl.

Vitnið Guðmundur Hólm Svavarsson, fæddur 17. sept. 1956 í Siglufirði, til heimilis að Vogum, Hofsósi, hefur verið stýrimaður á m/s Faldi, VE 138, síðan skipið var tekið á leigu í ágúst sl. Vitnið kveðst vita til þess, að 5 sinnum hafi verið veitt með botnvörpu á Faldi, eftir að skipið var tekið á leigu í ágúst sl., og hafi það verið í fimmta sinn, sem veitt var með botnvörpu 5 þ. m. Vitnið, sem kom um borð í m/s Fald um kl. 22 mánudagskvöldið 4. þ. m., giskar á, að skipið hafi lagt af stað frá Hofsósi um miðnætti. Þegar kastað var vörpunni, voru allir kallaðir upp, og eftir að varpan var komin út, fóru allir nema ákærði að fá sér kaffi, og mun klukkan þá hafa verið um 4 morguninn 5. þ. m., að því er vitnið ætlar. Vitnið segir, að varpan muni hafa verið um 3/4 klst. í botni. Engin siglingaljós voru uppi, meðan varpan var úti, og engin vinnuljós voru höfð á þiljum, þegar varpan var dregin upp, né heldur meðan gert var að aflanum, enda farið að skíma. Vitnið telur aflann, sem fékkst í vörpuna, hafa verið um 400—500 kg af þorski af meðalstærð og hafi fáeinar smálúður verið innan um. Síðan segir vitnið, að haldið hafi verið að netunum og byrjað að draga þau um kl. 0630. Vitnið segir, að þegar veitt var með botnvörpu á Faldi, hafi í hvert sinn verið tekið eitt „hol“, nema einn morguninn tekin tvö „hol“, og voru bæði „óklár“.

Vitnið segir hafa verið 175 faðma úti af vír, þegar botnvarpan var látin fara síðast, og sé það venja ákærða að gefa út rúmlega tvöfalt miðað við dýpi. Vitnið kveðst hafa séð ljósín í Hofsósi, þegar þeir á Faldi héldu af stað eftir „holið“ og meðan aðgerðin stóð yfir. Kveðst vitnið hafa veitt því athygli, að ljósín, sem það sá í Hofsósi, eftir að lagt var af stað af botnvörpustaðnum, hafi borið yfir bakborðskinnung m/s Falds að sjá, þegar vitnið gekk fram hjá lúkarnum, sem er miðskips.

Vitnið Finnur Bernharð Sigurbjörnsson, fæddur 9. sept. 1958 í Hofsósi, til heimilis að Ásbyrgi í Hofsósi, hefur verið matsveinn á m/s Faldi, VE 138, síðan skipið var tekið á leigu í ágúst sl. Vitnið segir það vera satt, að alls hafi á úthaldinu verið stundaðar botn-

vörpuveiðar 5 sinnum á m/s Faldi og hafi það verið í fimmta sinn, sem botnvörpuveiðar fóru fram í síðustu veiðiferð. Giskar vitnið á, að þá hafi fengist 600—700 kg af þorski, millifiski og stórfiski. Vitnið ætlar, að m/s Faldur hafi látið úr höfn í Hofsósi um miðnætti mánu dagskvöldið 4. þ. m. Vitnið segir sig og aðra skipverja nema ákærða hafa sofið, meðan haldið var út. Þegar svo ákærði vakti skipverja til þess að kasta vörpunni, telur vitnið, að klukkan hafi verið farin að ganga 4 aðfaranótt 5. þ. m. Vitnið segir engin siglingaljós eða vinnuljós hafa verið uppi, meðan veitt var með botnvörpunni. Vitnið kveðst hafa borið ákærða kaffi, meðan varpan var úti, og leit vitnið þá á dýptarmæli í stýrishúsinu. Minnir vitnið, að mælirinn hafi þá sýnt 90 faðma dýpi. Vitnið kveðst hafa heyrt talað um, að 250 faðmar væru úti af vír, þegar varpan var úti. Vitnið segir, að þegar það kom á þiljur og átti að fara að kasta, hafi vitnið séð ljós af vitanum á Skagatá, þvert á bakborða. Vitnið álitur, að klukkan hafi verið milli 6 og 7, þegar byrjað var að draga netin um morguninn.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ásamt þeim 4 mönnum öðrum, sem eru skipverjar á m/s Faldi, VE 138, tekið skipið á leigu frá eiganda þess, Kjartani Ívarssyni í Vestmannaeyjum, og muni leigutíminn hafa átt að byrja um mánaðamótin júlí/ágúst sl. Hann hefur viðurkennt, að eigi hafi verið lögskráð á skipið, áður en útgerð þess hófst. Sjálfur kveðst ákærði hafa réttindi til að vera skipstjóri á allt að 120 rúmlesta skipi. Hins vegar segir hann, að Guðmundur Hólm Svavarsson, sem hafi gengt stýrimannsstörfum á skipinu, hafi eigi réttindi til þeirrar stöðu né heldur hafi Steinþór Viðar Sigurbjörnsson, sem hefur verið vélstjóri á skipinu, réttindi til þess starfs. Eigi kveður ákærði heldur hafa verið sótt um undanþágu handa þessum mönnum til þess að mega gegna stöðum sínum á m/s Faldi.

Í þinghaldi 6. þ. m. hefur ákærði algerlega neitað að hafa veitt með botnvörpu á m/s Faldi, VE 138. Hann kveðst hafa sofið heima hjá sér aðfaranótt þriðjudagsins 5. þ. m. til kl. 5, og þann morgun kl. 6 kveðst hann hafa farið á skipinu úr höfn í Hofsósi og þá haldið aðeins inn og vestur af Hofsósi til þess að draga þar þorskanet á svonefndum Grindamiðum, hafi það byrjað kl. 0630 og hafi því verki verið lokið um kl. 10 og hafi hann komið að bryggju í Hofsósi um kl. 1030. Skýrslum skipherra og stýrimanns á varðskipinu og skýrslum skipverja á m/s Faldi, sem allar voru kynntar og lesnar ákærða, hefur hann algerlega vísað á bug sem röngum.

Í þinghaldi 11. þ.m., þegar skipaður verjandi ákærða, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, var staddur á dómþinginu með honum, óskaði ákærði að taka fram eftirfarandi, sem var bókað eftir honum: „Ég viðurkenni að hafa kastað einu „holi“ umrætt sinn, en ekki í landhelgi. Það „hol“ tók ég utan 12 mílna markanna á 80—100 faðma dýpi. Stefna frá Hofsósi út á þetta svæði er N $\frac{3}{4}$ A. Við fórum að heiman kl. 2230—23 mánudagskvöldið 4. þ. m. Baturinn mælist ganga 10 mílur miðað við klukkustund. Áhöfnin svaf á útleið. Um kl. 2 ræsti ég áhöfnina, og kl. 3 vorum við búnir að hífa þetta allt aftur. Þá var sett á „stím“ inn fjörðinn. Síðan var komið að netabauju um 7 leytið. Þá var farið að draga. Varðskipsmenn komu um borð í Fald kl. 0830. Staðsetningu varðskipsmanna tel ég vera ranga á þeim forsendum, að hún er of innarlega, 2 mílum of innarlega“. Þeirri spurningu verjanda síns, hvers vegna ákærði hafi eigi skýrt rétt frá botnvörpuveiðunum, þegar hann var um þær spurður fyrir dómi, svaraði ákærði þannig: „Ég taldi mig ekki hafa næg sönnunargögn um þetta, þar sem ég var einn uppi, bæði á „stími“ og togi, og áhöfn sofandi“. Þá tók ákærði fram, spurður af verjanda sínum, að hann hefði haft radar í gangi á „stíminu“. Enn fremur kvaðst hann hafa orðið var við skip á Hraunakrók.

Af hálfu dómsins var bæjarfógetaembættið í Vestmannaeyjum beðið að afla upplýsinga um ganghraða m/s Falds, VE 138, og hefur Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi embættisins, skýrt formanni dómsins frá því, að Tryggvi Gunnarsson, eftirlitsmaður skipa í Vestmannaeyjum, sem telur sig vera vel kunnugan m/s Faldi, VE 138, hafi upplýst, að ganghraði skipsins væri að jafnaði 9 sjómílar á klst., en mesti ganghraði þess, sem unnt væri að ná, væri 9½ sjómíla á klst.

Þá hefur verið leitað upplýsinga um m/s Fald VE 138, hjá „Tilkynningarskyldu íslenskra skipa“ á vegum Slysavarnarfélags Íslands, og hefur starfsmaður stofnunarinnar, Guðjón Halldórsson skipstjóri, skýrt dómsformanni frá því, að kl. 1921 þann 7. ágúst sl. hafi verið tilkynnt um brottför skipsins frá Vestmannaeyjum. Síðan hefði verið látið vita um ferð skipsins norður 8. s. m. og kl. 14 þann 9. s. m. hefði verið tilkynnt um komu skipsins til Skagastrandar, en eftir þetta hefðu engar tilkynningar borist um þetta skip.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 5. þ. m., hefur ákærði sætt kær- um og refsingum sem hér segir:

- 1960 25/7 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.
- 1960 23/10 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 9., sbr. 102. gr. lögreglu-samþykktar nr. 71/1937.
- 1962 9/11 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 4. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu.
- 1963 24/6 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 41. gr. og m lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 15. gr., sbr. 17. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957.
- 1964 17/10 í Skagafjarðarsýslu: Dómur: 20 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga, 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 1. og 4. gr., sbr. 102. gr. lögreglu-samþykktar Skagafjarðarsýslu. Greiði skaðbætur kr. 12.020.
- 1965 21/2 í Skagafjarðarsýslu: Dómur: Fangelsi 1 ár, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot á 1. mgr. 194. gr. hegningarlaga. Greiði miskabætur, kr. 35.000.
- 1967 16/1 Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli: Fangelsi 2 ár fyrir þar greint brot. Greiði miskabætur kr. 50.000.

Af því, sem hér að framan er rakið, er ljóst og fullsannað, að fiskveiðar með botnvörpu hafa farið fram á m/s Faldi, VE 138, þriðjudaginn 5. þ. m., er ákærði var við skipstjórn á skipinu. Ákærði heldur því fram, að þær veiðar hafi átt sér stað utan 12 mílna friðunarmarkanna. Skemmsta vegalengd frá Hofsósi út að friðunarmörkum er sem næst 29¼ sjómílu, og vegalengd frá þeim mörkum til þess staðar út og suður af Hofsósi, sem m/s Faldur, VE 138, er talin hafa verið á skv. framlagðri úrklippu úr sjókorti, er sem næst 32¼ sjómílu. Vegalengdin samtals skemmstu leið frá Hofsósi út að friðunarmörkunum og síðan á téðan stað, sem markaður er á sjókortið, er því sem næst 61½ sjómíla. Eftir því, sem fram er komið í málinu, og eftir öðrum upplýsingum, sem dómurinn hefur aflað sér, og með hliðsjón af stærð skips og vélar þess telur dómurinn hæfilegt og rétt að áætla ganghraða m/s Falds, VE 138, vera að jafnaði 9 sjómílar á klukkustund, en skipið er í Skrá um íslensk skip 46 rúmlestir að stærð og með 335 ha G.M. aflvél. Reiknað með þessum ganghraða þarf tæpar 7 klst. til þess að fara á þessu skipi framangreindar 61½ sjómílu frá Hofsósi út að 12 mílna mörkunum og síðan að þeim merкта stað, sem

greindur er í framlögðu sjó korti. Það er álit dómsins með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, að það hafi tekið $1\frac{1}{2}$ klst. að kasta botnvörpunni, hafa hana úti í drætti og draga hana síðan upp og innbyrða á skipið. Samtals hafi þá farið í ferð fram og aftur út fyrir 12 mílna friðunarmörk og athafnir við botnvörpuveiðarnar samkvæmt þessu allt að $8\frac{1}{2}$ klst.

Fjórir skipverjar á m/s Faldi, VE 138, hafa borið það samhljóða fyrir dómi, að lagt hafi verið úr höfn í Hofsósi á miðnætti mánu- daginn 4. þ. m., og þykir eigi óvarlegt að leggja þau vætti um þetta til grundvallar í málinu. Tvö þessara vitna hafa borið það fyrir dómi, að byrjað hafi verið að draga netin á m/s Faldi kl. 6 að morgni þriðjudagsins 5. þ. m. Þriðja vitnið úr þessum hópi telur, að þá hafi klukkan verið 0630, og það fjórða, að klukkan hafi verið milli 6 og 7. Sjálfur hefur ákærði í framburði sínum fyrir dómi 6. þ. m. haldið því fram, að netadrátturinn hafi byrjað kl. 0630. Sé miðað við, að netadrátturinn hafi byrjað kl. 0630 umræddan morgun 5. þ. m., sem þykir í alla staði eðlilegt, hafa samkvæmt þessu liðið í mesta lagi $6\frac{1}{2}$ klst., frá því er farið var með m/s Fald frá bryggju í Hofsósi og þar til netadrátturinn hófst inn og suður af Hofsósi. Vantar því um 2 klst. til þess, að unnt hafi verið að komast út fyrir 12 mílna friðunarmörkin, ljúka þar veiðum samkvæmt því, sem að framan greinir, og komast aftur á þann stað, sem rétt þykir að miða við og markaður er á framlagt sjó kort. Hniga því rök til þess, að umræddar botnvörpuveiðar á m/s Faldi, VE 138, hafi farið fram innan friðunarmarka. Jafnvel þótt reiknað sé með 10 mílna ganghraða skipsins miðað við klst., eins og ákærði hefur viljað halda fram, fara samt í veiðiferð þessa, eins og henni er lýst, að öllu meðtöldu rúmlega $7\frac{1}{2}$ klst., til þess að veiðar hafi getað átt sér stað utan löglegra friðunarmarka. En framkoma ákærða við meðferð máls þessa hefur verið með þeim hætti, að eigi þykir eftir öllum atvikum unnt að taka mark á staðhæfingum hans, og verða því eigi teknar til greina, hvað varðar ganghraða skipsins, brottför þess úr höfn í Hofsósi né heldur þann stað, sem netadráttur hófst á.

Þá er á það að líta, að samkvæmt vætti Tryggva Bjarnasonar stýrimanns, sem var á vakt á varðskipinu, frá því er það fór frá Siglufirði kl. 0305 þriðjudaginn 5. þ. m., allt til þess er skipið var stöðvað norður af Straumnesi 2 sjómíllur og síðan áfram til kl. 0600, var ratsjá stanslaust í gangi, en ekkert endurvarp frá skipi sást í 10 mílna radius frá varðskipinu. Af þessu má ætla nær úti- lokað, að m/s Faldur, VE 138, hafi á þessu tímabili getað farið

út fyrir friðunarmörk og aftur inn Skagafjörð, án þess að vart yrði við skipið frá varðskipinu á þeim ferðum.

Samkvæmt vætti 4 skipverja er sannað, að engin siglingaljós voru höfð uppi né vinnuljós ofan þilja á m/s Faldi, VE 138, þegar umræddar botnvörpuveiðar á skipinu fóru fram 5. þ. m., og eigi heldur áður, þegar veitt var með botnvörpu, og ber þetta hátterni, sem ákærði stjórnaði, vott um, að hann vildi hafa leynd við veiðar þessar.

Þá þykir rétt að taka fram, að vitnið Guðmundur Hólm stýrimaður hefur skýrt frá því, að lokið var við að draga upp botnvörpuna á Faldi þriðjudaginn 5. þ. m. kl. 4 og farið að skíma og þá hafi vitnið séð ljós í Hofsósi bera yfir bakborðskinnung frá lúkar miðskips séð. Það er að áliti dómsins útilokað, að ljós frá Hofsósi geti sést frá 12 mílna firðunarmörkunum.

Samkvæmt því, sem nú hefur að framan verið rakið, verður að telja það nægilega sannað, að ákærði hafi þriðjudaginn 5. þ. m. gerst brotlegur um ólöglegar fiskveiðar með botnvörpu á m/s Faldi, VE 138, innan löglegrar friðaðra 12 mílna marka. Hann hefur með því brotið gegn 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr., A 1. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og lög um breyting á þeim lögum nr. 45/1974.

Hann hefur því með framferði sínu unnið til refsingar skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 og til að sæta upptöku veiðarfæra skv. 3. mgr. 17. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af því, að m/s Faldur, VE 138, er að lengd 18.33 m, og þar sem 100 gullkrónur jafngilda 16.749.50 krónum skv. vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 7. þ. m., þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1.000.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Þá ber að gera botnvörpu m/s Falds, VE 138, með tilheyrandi dragstrengjum upptæka til Landhelgissjóðs Íslands.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, er það sannað, að ákærði hefur vanrækt að láta lögskrá áhöfn m/s Falds, VE 138, á skipið, áður en það fór frá Vestmannaeyjum og hóf veiðar í byrjun ágústmánaðar sl., auk þess sem vélstjóri og stýrimaður voru án atvinnuréttinda. Með þessu hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 15. gr., sbr. 4. gr. og 6. gr. laga nr. 63/1961 um lögskráningu á íslensk skip, og þykir refsing ákærða fyrir það brot skv. 25. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt til ríkissjóðs.

Verði sektir samkvæmt dómi þessum eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu hans, skal ákærði sæta 3 mánaða varðhaldi.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun og kostnað skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dómsorð:

Ákærði, Uni Þórir Pétursson, skal greiða 1.000.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og 4.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 3 mánaða varðhaldi.

Botnvarpa m/s Falds, VE 138, með tilheyrandi dragstrengjum skal vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. apríl 1980.

Nr. 53/1980. **Sigurður Ólafur Kristinn Þorbjarnarson**
 gegn
Lúther Garðari Sigurðssyni.

Kærumál. Óskipt bú. Krafa um búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 5. mars 1980, sem barst Hæstarétti 26. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og **synjað** verði kröfu varnaraðilja um, að dánarbú Svövu Klöru